

Nd.

263. Frumvarp

til laga um heimild til undanþágu frá lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Frá samvinnunefnd viðskiftamálanna.

1. gr.

Með konunglegri tilskipun má ákveða, að vín, sem ekki er í meira en 21% af vínanda (alkohol) að hlutfelli, skuli um eitt ár undanþegin ákvæðum laga 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, um bann gegn innflutningi, veitingu, sölu og flutningi um landið. Enn fremur má í sömu tilskipun ákveða, að með reglugerð skuli sett ákvæði til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Þó mega ákvæði þessi ekki ganga svo langt, að þau geri að engu undanþágu vína þessara frá ákvæðum aðflutningsbannlaganna. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar. Í tilskipuninni má og einnig setja ákvæði um eftirlit með innflutningi þessara vína og annað þar að lútandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greiðargerð.

Það voru ekki liðin nema 4 ár frá því er Góðtemplar-reglan barst hingað til landsins, þegar því var fyrst hreyft, að koma ætti á aðflutningsbanni á áfengi hjér á landi. Árið 1888 kom fram tillaga í þá átt á þingi hinnar nýstofnuðu Stórstúku Íslands. Þó fylgdi þessu, sem von var, lítil kraftur í fyrstu. En þessu máli var þokað smám saman í áttina, og sjest það meðal annars af því, að árið 1899 voru sett lög um verslun og veitingar áfengra drykkja á Íslandi og 1900 lög um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja. Eftir aldamótin kom stefna þessi skýrar fram, en þó var þá ekki fullkomið samkomulag í fyrstu um það, hvort heppi-legra væri algert aðflutningsbann á áfengi eða vínsölubann fyrst, en frá 1903 er þó aðflutningsbannastefnan orðin eindregin meðal templara. Á Alþingi 1905 kemur fram »frv. til laga um aðflutningsbann á áfengi«, en nefnd sú, sem málið fjekk til meðferðar, og var því hlynt, lagði til, að frv. yrði ekki afgreitt, en bar fram þingsályktunartillögu um þjóðaratkvæði um málið fyrir næsta Alþingi (1907). Því var svo breytt í það horf, að þjóðaratkvæðagreiðsla um málið skyldi fram fara í sambandi við næstu alþingiskosningar (1908). Fór hún svo fram og var útkoman sú, að alls voru greidd 8118 atkv. og af þeim voru með banni 4900, sem er 60,38% eða um $\frac{3}{5}$. Á Alþingi 1909 var svo málið borið fram, rætt mjög ítarlega

og samþykkt. Var það aðflutningsbann frá 1. jan. 1912 og vinsölubann að auki frá 1. jan. 1915.

Þá síðan hefir oft verið fyrir þinginu ýmislegt, er snertir þetta mál, og nokkrar breytingar verið gerðar á lögnum, en óþarft er að rekja það hjer, því að það hefir á engan hátt breytt stefnunni, heldur hafa breytingarnar sumpart verið ávöxtur af reynslu laganna og sumpart miðað að því að gera framkvæmd þeirra auðveldari og koma i veg fyrir brot á þeim. Og að stefna þingsins hefir jafnan verið óbreytt í þessu máli má sjá af því, að það hefir hrundið þeim tilraunum, sem gerðar hafa verið til þess að fá bannlögin skert eða þeim teft í tvísýnu, svo sem 1917 (færa áfengistakmarkið upp í 12%) og 1919 (að láta fara fram þjóðaratkvæði um lögin, og setja á ríkiseinkasölu með áfengi, ef úrslit yrðu þau).

Í umræðunum um málið á Alþingi 1909 var sú mótbára færð fram gegn bannlögunum meðal annars, að Spánverjar mundu ekki una því, að innflutningur á vínnum yrði bannaður hjer. Þó sýnist þessi hugsun hafa verið fremur fjarri mönnum og flestir búist við því, að ekki kæmi til þess, að Spánverjar ljetu sig nokkru skifta bannið hjer, sakir þess, að vinninnflutningur frá Spáni til Íslands væri svo hverfandi. Þetta var og rjett, meðan Ísland eitt átti í hlut. En hitt er annað mál, að þegar bannstefnunni jókst fylgi og fleiri þjóðir og stærri tóku upp þessa aðferð, þá opnuðust augu Spánverja fyrir því, að hjer væri á ferðum alvarleg hættu fyrir vínframleiðsiu þeirra, og drógst þá Ísland inn í þá deilu eins og aðrir.

Mál þetta komst af stað við það, að Spánverjar skipuðu 2. jan. 1919 fjölmenna nefnd til þess að endurskoða tollalöggjöfina. Í þeim tilgangi að koma nýju skipulagi á tollana, sögðu Spánverjar upp verslunarsamningum sínum við aðrar þjóðir, og meðal annars samningnum við Danmörk (og Ísland) frá 4. júlí 1808. Varð því að hefja nýjar samningaumleitunir, og hófust þær með því, að veittur var frá 20. mars 1921 þriggja mánaða frestur, enda tolllögin þá óútkljáð á Spáni, og búist við að þess yrði alllangt að bíða, að þeim lyki. En til þess að flyta samningum setti Spánarstjórn bráðabirgðatollög, 17. maí 1921. Var þar ákveðið, að innflutningstollar skyldu vera tvenns konar, eða eftir tveim gjaldskrám, skrá I og skrá II. Skrá II gildi gagnvart þeim þjóðum, sem sjerstakan samning gerðu við Spánverja um ívilnanir fyrir spánskar vörur, en skrá I, sem var helmingi hærrí, gildi gagnvart þeim, sem ekki gerðu samning. Eftir þessum lögum hækkaði tollur á innfluttum saltfiski úr 24 pesetum pr. 100 kg. upp í 36 peseta eftir skrá II og upp í 72 peseta eftir skrá I. Íslenskur saltfiskur var þá tollaður eftir skrá II fram til 20. júní, eða meðan fresturinn stóð.

Þetta kom mönnum talsvert á óvart, og þar sem erfiðleikar voru á að fá frestinn framlengdan, fór sendiherra Dana í París til Madrid snemma í júní, til þess að reyna að fá frestinn framlengdan. 16. júní fjekk hann svo tilkynningu um, að Spánverjar vildu framlengja samninginn við Danmörku, en við Ísland gæti ekki fengist samningur meðan þar sje aðflutningsbann á áfengi. Fram að þeim tíma hafði ekki heyrst á það minst. Danska stjórnin ákvað þá að standa með Íslendingum og þiggja ekki framlengingu, nema Ísland fengi einnig samninginn framlengdan, en reyna að fá að minsta kosti eins mánaðar frest. Eftir allmikið þref fjekst frestur til 20. júlí, meðfram vegna símslits og þar af leiðandi

ófullkomins skeytasambands við Ísland, en um frekari frest ekki að ræða, nema stjórnin legði þegar fyrir Alþingi frv. til laga um breytingu bannlaganna.

Síðast í júní var Gunnari Egilssyni, sendimanni landsins í Genúa, falið að fara þegar til Madrid og vera með í samningatilraununum, og eru skýrslur hans um málið mjög greinilegar og sýna, að mjög mikil rækt hefir verið lögð við málið og málstaður Íslendinga fluttur með öllum þeim rökum, sem hægt virðist að finna.

Þegar hann kom til Madrid, 4. júlí, var ástandið það, að Spánverjar hótuðu hæsta tolli, nema því að eins að stjórnin legði fyrir Alþingi frv. um breytingu bannlaganna og Alþingi væri búið að samþykkja það frv. fyrir 20. sept. Lengri frest vildu þeir ekki gefa, og hefði þá orðið að kalla saman aukabing. Þá var og fyrir spánska þinginu frv. til tolllaga, sem voru miklu strangari en bráðabirgðatolllögin, því þar var lágmarkstollurinn (skrá II) 40 pes. pr. 100 kg., en tollur eftir skrá I þrefalt hærri, eða 120 pes., til þess að útiloka gersamlega samkefni frá þeim löndum, sem ekki gerðu verslunarsamninga við Spán og veittu þeirra vörum ívilnanir.

13. júlí gekk stjórnin hjer loks, eftir ítrekaðar neitanir, inn á það, að leggja fyrir Alþingi frv. um breytingu bannlaganna, að því er snertir vín undir 21% áfengis, með þeim skilyrðum, að frestur fengist til næsta reglulegs Alþingis, að stjórninni væri heimilt að setja reglur um innflutninginn og að Spánverjar veittu *bestu tollkjör* á íslenskum saltfiski. Þó átti að gera enn eina tilraun til þess að fá Spánverja til þess að falla frá kröfu sinni um afnám bannlaganna.

Hinu síðarnefnda var þvorneitað. En hitt hafðist fram eftir afar miklar umleitanir, þar sem bæði var lögð áhersla á það, hve nauðsynlegt bannið væri Íslendingum, að það hefði verið sett á að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, hve erfitt það væri að ná hjer saman aukabingi o. fl., o. fl., og lögð áhersla á þá fórn, sem færð væri með því að leggja slikt frv. fyrir Alþingi, og yrði því mikið að koma á móti. Einkum var erfitt að fá Spánverja til þess að lofa bestu tollkjörum, því að þeir vilja nú enga samninga gera í því formi, heldur ákveða fasta tollupphæð. En eins og liggur í augum uppi, er það mikill munur.

Á þennan hátt fjekst þá frestur með bestu tollkjörum til 15. mars, gegn því, að stjórnin legði fyrir Alþingi frv. um afnám bannlaganna á vínnum undir 21% áfengis.

Auðvitað er hjer í þessu stutta yfirliti að eins drepið á einstök aðalatriði í samningunum, en auk þess gerðist margt, sem hjer er ekki nefnt, af því að það hafði ekki bein áhrif á úrslitin. T. d. var sendiherrann látinn leita hófanna um þá leið, að Íslendingar tækju ákveðið magn víns gegn bestu tollkjörum, en því var þegar neitað, o. fl.

Þess ber að geta, að eins og tolllögin voru afgreidd endanlega af spánska þinginu er tollur á saltfiski 32 pes. pr. 100 kg. eftir skrá II, en þrefalt hærri, eða 96 pes., eftir skrá I.

Svona stóð málið þegar Alþingi kom saman í vetur. Enda þótt það dyldist ekki, að samningarnir höfðu verið reknir af mikilli samviskusemi, og því væri litil von um að fá nokkru frekara framgengt, var þó litið svo á, að rjett væri að gera enn þá eina tilraun til þess að koma málinu í betra horf. Var því ákveðið að senda þá sendiherra Svein Björnsson og Einar H. Kvaran, sem var staddur í Kaupmannahöfn, suður til Madrid, til þess að reyna, í sambandi við

dönsku sendisveitina og Gunnar Egilsson, hvort ekki væri hægt að fá einhverja aðgengilegri samninga en þá, að ganga að frv. því um breytingu bannlaganna, sem fyrir þinginu lá, og var þeim bent á nokkrar leiðir, sem hugsanlegar væru, fyrst þá að halda bannlögnum óbreyttum, en ef ekki fengist, þá að kaupa ákveðið magn víns, eða fá ársfrest enn. Loks var þeim falið, ef alt annað brigðist, að fá því framgengt, að í stað breytingar bannlaganna mætti fresta þeim eða framkvæmd þeirra um ákveðið bil, þó alt með því skilorði, að bestu tollkjör á innfluttum saltfiski hjeldust. Þótti rjett að reyna þetta, meðfram vegna þess, að liðinn var allangur tími frá því er samningum var hætt í fyrra, og ekki óhugsanlegt, að veðrabrigði væru orðin þar syðra. Bæði voru stjórnarskifti orðin og auk þess þetta mál orðið talsvert áberandi og málstaður Spánverja óvinsæll meðal bindindismanna úti um heim.

Síðan hafa þessir þrir menn starfað að samningsumleitunum, og veitt erfitt, eins og við var að búast. Hið eina, sem fengist hefir og tilslökun er hægt að nefna, er það, að Spánverjar hafa ekki á móti, að í stað þess að samþykkja nú endanlega breytingu á bannlögnum, að því er snertir vín undir 21% áfengis, geti Alþingi frestað framkvæmd þeirra að því er þessi vin snertir, um eins árs bil, og að Alþingi 1923 taki svo fullnaðarákvörðun.

Nefndin ber því fram heimildarlög til stjórnarinnar um þetta atriði.

Eins og alkunnugt er, eru skoðanir þingmanna, og einnig þeirra, sem í viðskiftanefndunum sitja, skiftar í bannmálinu. En þegar frá upphafi mun það hafa verið tilfinning allra, að í þessu máli ætti og mætti sá ágreiningur ekki koma fram í fremstu röð. Hjer var í raun rjettri um annað að ræða. Jafnvel andbanningum mundi ekki vera ljúft að hrófla við bannlögnum með þessum hætti, að þess væri krafist af erlendu ríkisvaldi. Og jafnvel bannmönnum hlaut á hinn bóginn að vera það ljóst, að hjer var um svo stórfelt viðskiftamál að ræða, að það yrði að skoðast fyrst og fremst frá því sjónarmiði, hvort þjóðin fengi risið undir því, að halda bannstefnunni fastri. Nefndin hefir því unnið allan tímann óskift að rannsókn málsins og undirbúningi. Og þótt skoðanir nefndarmanna sju eigi þær sömu eða hugur þeirra einn um málið alt, þá hefir samt nefndin öll fylgst í því, að leggja til við þingið að samþykkja heimildarlögin, sem fram eru borin. Nefndarmenn leggja og að sjálfsögðu misjafnlega ríka áherslu á einstök atriði röksemdafærslunnar, en hjá því verður ekki komist í slíku máli sem þessu.

Eins og bent var á áður, hefir bannstefnan jafnan, síðan lögin voru sett 1909, átt sjer meiri hluta í þinginu, og á þingi 1921 kom fram stjórnarfrumvarp um breyting á bannlögnum, og er sennilegt, að það hefði verið afgreitt af þinginu og lögin gerð talsvert skarpari en áður, ef það hefði þótt ráðlegt þá að afgreiða slíkt mál, eftir að samningarnir við Spánverja voru byrjaðir. Það mætti því virðast talsverð veðrabrigði, að leggja nú til svo stórkostlega skerðingu á þessum lögum, sem í fyrra átti að herða. En einmitt þetta ætti að vera ljósasti votturinn um, að þetta frv. um skerðing bannlaganna er ekki með gleði fram borid, eða vegna nokkurrar breyttrar áfstöðu þingmanna til bannmálsins, því að þeir af oss, sem áður höfum verið bannmálinu fylgjandi, erum það ekki minna nú, heldur er það gert vegna þeirrar nauðsynjar þjóðarinnar, sem vjer fáum ekki sjeð, að uppfyllt verði með öðru móti en því að veita þessa undanþágu frá bannlögnum, hvort sem oss er það ljúft eða leitt. Vjer stöndum hjer milli tveggja elda, annarsvegar þeirrar hugsjónar, sem fólgin er í banninu, en hinsvegar þess

erfiða fjárhags, sem nú virðist ekki mega með neinu móti bæta nýjum örðugleikum ofan á. Bannmennirnir í nefndinni halda jafnfast eftir sem áður í bannstefnuna, og líta á þetta sem einn af mörgum krókum á leiðinni til fulls sigurs hennar, en alls ekki sem neina endanlega niðurstöðu.

Það, sem hjer er í húfi, er saltfisksverslun vor við Spán. Meðalársframleiðsla vor á síðastliðnum árum á saltfiski mun mega teljast um 150000 skp., eða um 25000 smál., og fer vaxandi, og af henni fara $\frac{2}{3}$ eða um 17000 smál. til Spánar, og er það dýrasti partur framleiðslunnar, eða stórfiskurinn. Með mikilli þrautseigju og kappsmunum hefir þessi Spánarmarkaður fengist, og islenskur fiskur fengið þar besta orð og hæsta verð. Er það einkum eitt hjerað, Katalónía, sem kaupir að mestu leyti íslenskan fisk, enda fer að minsta kosti helmingur af Spánarfisksframleiðslu vorri þangað.

Það er nú fljótreyknað, hverju munar, að njóta þar bestu kjara eða borga hámarkstoll. Miðað við 17000 smál., er tollurinn eftir skrá II alls $17000 \times 320 = 5440000$ peseta, en eftir skrá I er hann þrefalt hærri, eða 16320000 pes. Munurinn er því 10880000 gullpesetar, en hve margar krónur það verða, fer eftir gengi krónunnar. Gullpesetinn er nú um 115 aurar, svo að eftir núgildandi verði krónunnar nemur þetta um $12\frac{1}{2}$ milj. króna.

Nú er það almenn reynsla, að lágmarkstollar lenda á neytandanum einum, en á framleiðandanum lendir ekki annað af honum en sú markaðsrýrnun eða aukning, sem verðhækkun eða lækkun hefir í för með sjer. En hámarkstollar lenda aftur á móti, að öðru jöfnu, á framleiðandanum. Þó má gera ráð fyrir því í þessu tilfelli, að nokkuð af tollhækkuninni lendi á neytendum á Spáni, sumpart vegna þess, að þeir, sem vanir eru íslenskum fiski, vilja hann helst og kaupa hann, þó nokkuð hækki. Ef Norðmenn væru undir sömu hámarkstolla seldir, mundi það kippa h. u. b. helming alls fisks, sem til Spánar flytst, undir hámarkstoll, en það yrði að sjálfsgöðu til þess, að fiskur hækkaði þar stórum í verði, og jafnvel þótt Norðmenn væru ekki með, þá mundi fiskverðið sennilega hækka talsvert, og Spánverjar þannig bera nokkuð af tollhækkuninni. En þá kemur annað, sem gæti gert oss skaða, sem ef til vill væri lítið hetri en að bera alla tollhækkunina, en það er það, hve fisknotkunin mundi minka við það, að verðið hækkar. Fiskur er nú ekki etinn á Spáni af trúarbragðaástæðum lengur, heldur af því, að hann þykir ódýr fæða, í samanburði við annað. En hann þarf ekki að hækka nema lítið eitt til þess, að t. d. kjöt verði tekið fram yfir hann vegna verðsins, því að kjöt frá Suður-Ameríku er þar á boðstólum fyrir lágt verð, og er mjög hættulegur keppinautur fisksins.

Það mun því ekki vera ráðlegt að reikna með því, að neytendurnir ljetti mikið undir með tollhækkuninni. Sú varan, sem svo miklu gæti verið ódýrari, fiskur, einkum af enskum uppruna, mundi þegar í stað verða ákaflega hættulegur keppinautur. Og jafnvel þótt ekki væri talið, að á framleiðendunum lenti nema helmingur tollhækkunarinnar og ekkert kipti úr markaðnum við þá hækkun á fiskinum á Spáni, þá væri það sá skattur, sem ekki er nóg að reikna með því að margfalda saman tollaukann á hverri smálest og smálestafjöldann, heldur verður að reikna með því, hvernig oss gengur að komast af án þess dýra sjávarútvegs, sem nú aflar mests parts af fiskinum, því að það verður þá ekki sjeð, að hann geti haldið áfram. Bankar geta ekki lánað til rekstursins undir slíkum kringumstæðum, því þeirra lánstraust erlendis veltur á úrslitum samninganna.

Og eigendur fyrirtækjanna mundu ekki heldur sækja um lán til þeirra undir þeim kringumstæðum. Togaraflotinn yrði að líkindum að hverfa og hin dýrari mótorskipaútgærd. En fram á slíkt ástand er ilt að horfa á jafnerfðum tímum fjárhagslega og nú eru.

Þá er að líta á hina hlið reikningsins, hvaða tap það er að ganga að kröfunni. Er þá fyrst að líta á það, að hver göngumst undir það að flytja inn vin, sem hafa undir 21% áfengis, og tókum þar á oss að borga bæði andvirði þeirra og það, sem af nautn þeirra leiðir. En nú er það oss fullkomlega heimilt að beita þeim ráðstöfunum til hóflegs innflutnings og umsjónar með sólunni, sem oss líst, svo framarlega sem það gerir ekki undanþáguna frá bannlögunum að engu. Oss er fullkomlega ljóst og drögum ekkert úr þessari hlið málsins, en þó verður ekki sjeð, að það muni leiða yfir oss neinn þann kostnað, sem oss væri óbærilegur, enda bannlögin aldrei sett hjer á af beinum fjárhagsástæðum, en mjög er erfitt að koma að nokkrum ábyggilegum áætlunum um þetta atriði.

Miklu þyngra hlýtur það að vega, hve mikið brot það hlýtur að vera á metnaði vorum, að verða að breyta svo löggjöf vorri eftir boði annara, og ekki síst í þessu máli, sem hefir, ef til vill, aflað oss viðtækara álits um heiminn en nokkurt annað af málum vorum. Það hlýtur hver þingmaður að finna sárt, að hver erum hjer að slá nokkru af sjálfsákvörðunarrjetti vorum, um stundarsakir að minsta kosti. En hverju slægjum hver ekki af metnaði vorum líka og yrðum að slá á margvíslegan hátt, ef fjárhagslegt sjálfstæði vort færir út um þúfur?

Um þetta mun tæplega verða deilt, að hver erum neyddir til þess að forða oss frá þeim fjárhagsvæða, sem af því mundi leiða, að fiskur vor kæmist undir hæsta toll á Spáni. En þá er enn á það að líta, hvort til þess að forðast slíkt sje nauðsynlegt að láta undan kröfu Spánverja.

Ein leiðin til þess að komast hjá kröfu Spánverja væri sú, að afla fiskinn um markaðs annarsstaðar, og hans svo góðs, að við gæti jafnast.

Um þetta hefir verið mikið rætt, en árangurslaust. Hver höfum ekki annarsstaðar markað fyrir Spánarfiskinn. Ítalíumarkaðurinn er tiltölulega nýr og ekki stór og hann tekur ekki þann fisk, sem til Spánar fer, stórfiskinn, dýrasta fiskinn. Ítalíumarkaðurinn er góður með, en hann getur á engan hátt bætt úr hinu. Um nýja markaði er það að segja, að þeir verða ekki gripnir upp í skjótri svipan. Til þess þarf venjulega mjög langan tíma. Það þarf að breyta um fiskverkunaraðferðir og leggja mikla vinnu og mikið fje í það. Og þó hefir reynsla Norðmanna, sem mikið hafa unnið að því að fá markað fyrir fisk, einkum í Suður-Ameríku, verið sú, að Spánarmarkaðurinn er enn þeirra besti markaður, og er norskur fiskur þó ekki í jafngóðu verði þar eins og íslenskur fiskur. Um þetta getur því ekki verið að ræða eins og nú stendur, en sjálfsagt er það, að reyna alt, sem unt er, til þess að afla nýrra markaða fyrir fiskframleiðslu vora í framtíðinni, hvort heldur er til þess að auka við eða í staðinn fyrir Spánarmarkaðinn.

Þá er að líta á það, hvort alt hafi verið reynt, sem hægt er, til þess að fá sæmileg boð frá Spánverjum. Nefndin hefir margsinnis rannsakað öll skjöl, sem fyrir liggja um samningana, og getur ekki sjeð annað en þeir hafi verið reknir með allri þeirri vandvirkni, sem unt er, bæði af hendi utanríkisráðuneytisins danska, sendimanns vors, Gunnars Egilssonar, sem nú er búsettur í Barcelóna, stjórnarinnar íslensku og nú loks af hinum síðari sendimönnum. Danska stjórnin hefir og staðið mjög vel með oss í samningunum, en það var því meira virði, þar sem Danir

hafa sjerstaklega sterka verslunaraðstöðu gagnvart Spánverjum, kaupa þaðan mikið, en þurfa þar nálega ekkert að selja. Hið eina, sem ekki hefir verið reynt, er það að hleypa samningunum í strand með því að neita kröfu Spánverja, til þess að sjá, hvort þá myndi nokkuð um þokast. En þá hefði átt að vera búíð að því á talsvert fyrra stigi málsins, en nú mundi það að líkindum kosta oss það, að vjer gætum ekki tekið samningana upp aftur, nema á talsvert óhaganlegra grundvelli; t. d. fengjum vjer þá naumast bestu kjör boðin. Þess er að gæta, að verslunaraftaða vor til Spánverja er mjög veik, þar sem vjer eigum þar vörn allra dýrmætasta markað, en kaupum á hinn bóginn nálega ekkert af þeim nema það, sem vjer megum ekki án vera frá þeim. Nefndin hlýtur því að ráða frá því að hleypa málinu nú í slíkt strand, og getur ekki gert sjer von um, að upp úr því hefðist það, sem oss væri hagur í, heldur gæti þá vel svo farið, að vjer hefðum af málinu bæði skaðann og skapraunina.

Nefndin telur það talsvert aðgengilegra að samþykkja heimildarlög tii stjórnarinnar um ársfrestun á bannlögnum, að því er snertir vín undir 21% áfengis, heldur en ganga að því frv., sem stjórnin lagði fyrir þingið, úr því Spánarstjórn hefir ekki á móti því. Málið má þá taka upp af nýju á næsta þingi, og þá geta þingmenn vitað betur vilja kjósenda sinna í málinu, og yfirleitt ætti málið þá að geta verið enn betur undir búíð.

Einn nefndarmanna, sem að visu hallast að því að láta frv. ganga fram, er eigi að öllu samþykkur greinargerð frumvarpsins.